



Aðstaðan stækkar í Sólarспорт

Breytingar hafa staðið yfir að undanfögnu í Sólarспорт í Ólafsvík, bæði á húsnæði, tækjum, búnaði og í hópi starfsmanna. Salurinn í stöðinni var stækkaður og þar sem áður voru áhorfendabekkir fyrir sundlauginu er nú æfingar-búnaður og þar hægt að æfa með góðu útsýni.

Mikil spenna er í loftinu fyrir komandi vetri og auk breytinga og bætinga á stöðinni sjálfri hefur verið lengt opnunartíma og góður hópur best við þjálfaraflórana. Ágústa Einarsdóttir, Rut Rúnarsdóttir og Lilja Magnúsdóttir ganga til liðs við teymið en þær koma allar út Líkamsræktarstöðinni í Grundarfirði og munu kenna hóptíma í íþróttahúsinu

ásamt Fadel og Viktoríu Viðarsdóttir. Einar Knudsen mun sjá um þjálfun í tækjasal og Arna Dögg Tómasdóttir verður með jóganámskeið. Nýir opnunartímar og haustdagskrá Sólarспорт tók gildi 5. september síðastliðinn og í tilefni þess var opið hús þar sem gestum og gangandi gafst færi á að kynna sér nýja aðstöðu og dagskrá haustsins. Mætingin var mjög góð og ekki annað hægt en að vera bjartsýn fyrir komandi vetri.

Á meðfylgjandi mynd eru Siggí og Billa eigendur Sólarспорт ásamt dóttursinni, með þeim á myndinni er hluti þjálfara vetrarins, þær Viktoría, Rut og Ágústa, í nýjasta hluta aðstöðunnar.

sj



Nýir starfsmenn í Afdrep

Nú er skólastarf byrjað að nýju og mun félagsmiðstöðin Afdrep fylgja því eins og fyrri ár og opna fimmtudaginn 10. september. Pétur Steinar Jóhannsson og Emilía Björg Sigurjónsdóttir hafa nú tekið við starfi tólmstundafulltrúa í félagsmiðstöðinni og aðspurð segjast þau spennit fyrir komandi vetri. Af 66 unglíngum í efstu þremur bekkjum Grunnskóla Snæfellsbæjar hafa um 70% verið að stunda félagsmiðstöðina auk þess sem hún hefur verið opin fyrir krakka í 5. til 7. bekk. Það er því mikið líf og fjör í félagsmiðstöðinni og með

því að fá ungt og öflugt fólk í þetta starf ætti ekki að vera neitt vandamál að halda unglíngum Snæfellsbæjar uppteknum í vetur.

sj



**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fm.is

CERTIFIED
SUSTAINABLE
SEAFOOD
MSC
www.msc.org



Framúrskarandi
fyrirtæki

Smíðavinna

Tökum að okkur þakskipti, klæðningar og aðra smíðavinnu, eigum lausa tíma í haust.

Kynnið ykkur málið í síma 840-6100



Gjöf frá Kvenfélaginu

Kvenfélag Ólafsvíkur afhenti á dögunum HVE í Snæfellsbæ tver brjóstadætur ásamt fylgihlutum að gjöf. Vorubrjóstadæturnar keyptar fyrir ágóða af skemmtikvöldi sem Kvenfélagið stóð fyrir þann 7. mars síðastliðinn rétt áður en samkomubann gekk í gildi. Það var Fanný Berit Sveinbjörnsdóttir ljósmóðir sem veitti dæluum viðtöku frá Kristínu Vigfúsdóttur formanni Kvenfélags Ólafsvíkur. Munu nýju brjóstadæturnar koma sér vel fyrir nýbakaðar mæður í Snæfellsbæ enda er dælan sem fyrir er komin til ára sinna. Á myndinni með þeim Kristínu og Berit eru Gerður Þórðardóttir, Margrét Vigfúsdóttir og Sóley Jónsdóttir og þær ásamt Katrínu Aðalheiði Magnúsdóttur voru í fjárfölunarnefndinni sem stóð fyrir skemmtikvöldinu.

þa



ÓLAFSVÍKUR- OG
INGJALDSHÓLSPRESTAKALL
kirkjanokkar.is



Guðspjónusta í Ingjaldshólskirkju

sunnudaginn 13. september kl. 11.
Fermt verður í athöfninni.

Aðalsafnaðarfundur Ólafsvíkursóknar

mánudaginn 28. september klukkan 20 í safnaðarheimilinu.
Takið daginn frá.



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift
á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Göngur og réttir



Mynd: Lucie Fedurcová

Nú þegar farið er að hausta er kominn tími á göngur og réttir hjá sauðfjárbændum landsins. Í Snæfellsbæ og Grundarfirði munu réttir fara fram á tíma-bilinu 19. til 26. september en þær verða þó ekki með hefð-bundnu sniði. Aðeins þeir sem hafa hlutverk í göngur og réttir er heimilt að mæta og gestir því ekki velkomnir í ár. Þessar ráðstafanir eru komnar til vegna 200 manna hámarksreglu en börn fædd 2005 eða síðar eru undanskilin fjöldatakmörkun.

Þáttakendur eru beðnir um að virða 1 kinda regluna og allir sem taka þátt skulu hlaða niður smitakningarárþingi almanna-varna, vegna smitvarna er einnig mælst til þess að áfengi verði ekki haft um hönd.

Sveitafélag bera ábyrgð á

framkvæmd gangna og rétta sem og að tryggja að reglum um sótt-varnir sé fylgt eftir. Sveitarfé-lagið skipar svo einn smitvarna-fulltrúa í hverri rétt sem ber ábyrgð á smitvörnum á staðnum og tryggir að farið sé eftir fyrir-mælum.

Réttardagar:

Laugardagurinn 19. september:
Hrafnkelsstaðarétt í Grundarfirði
og Mýrar í Grundarfirði

Laugardagurinn 19. september:
Fróðarétt í Fróðárhreppi, Ólafsvíkurrétt í Ólafsvík, Þæfusteins-rétt á Hellissandi/Rífi.

Laugardagurinn 26. september:
Ölkeldurétt og Bláfeldarétt í Staðarsveit, Grafarétt, Hellna-rétt og Klofningsrétt í Beruvík.

sj

Eigendaskipti á verkstæði



Smur- og dekkþjónusta G. Hansen í Ólafsvík skipti um eigendur nýlega þegar Jóhann Eiríksson bifvélavirki keypti fyrirtækið af afa sínum Gauti Hansen. Tók Jóhann formlega við rekstrinum þann 1. september og heitir fyrirtækið nú JE Bílverk. Jóhann hefur starfað hjá afa sínum í nokkur ár en hann útskrifaðist sem bifvélavirki fyrir fjórum árum. Hefur samstarf þeirra gengið vel fyrir sig og alltaf létt yfir þeim. Verður reksturinn

með svipuðu sniði og verið hefur alla vega til að byrja með en á verkstæðinu er boðið upp á allar almennar viðgerðir á bílum ásamt smurþjónustu, dekkjaviðgerðum og umfelgun. Að sögn Jóhanns mun afi hans starfa áfram enda sé hann hokinn af reynslu og muni það koma sér vel. Gautur Hansen hefur rekið fyrirtækið í 11 ár og segir hann að kominn sé tími á kynslóðaskipti enda verði hann sjötugur á næsta ári.

þa



- Bílaviðgerðir
- Skipaðþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-436677

Betra fyrir bílinn

Valhöll fasteignasala kynnir:



Opið hús verður að Lindarholti 10 í Ólafsvík
laugardaginn 12. september á milli kl 16.00 og 17.00.

Allar upplýsingar um húsið verða á staðnum.

Sjá upplýsingar
um eignir í Snæfellsbæ
á valholl.is undir söluskrá

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

Ingólfur G. Gissurarson, löggiltur fasteignasali.
Sibumúli 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477

Sigur á heimavelli



Víkingur Ó tók á móti Magna frá Grenivík í Lengjudeildinni í knattspyrnu á síðasta laugardag.

Vindurinn og rigningin virtust ekki fá á leikmenn en heimamenn voru þó sterkari aðilinn allan leikinn. Komust þeir yfir strax á 6. mínútu, eftir hornspyrnu barst boltinn á Gonzalo Zamorano sem komst fram hjá varnarmanni Magna og átti góða sendingu beint fyrir Emmanuel Eli Keke sem stangaði hann í netið. Víkingar áttu nokkrar góðar sóknir og á 37. mínútu bættu þeir við öðru marki. Þar var á ferðinni Gonzalo Zamorano eftir góða stoðsendingu frá Þorleifi Úlfarssyni. Mínútu seinna var svo Þorleifur sjálfur á ferð eftir góða stoðsendingu frá Gonzalo og staðan því 3 - 0 í hálfleik.

Heimamenn komu ákveðnir til seinni hálfleiks og skoruðu mark á upphafsminútunum sem dæmt var af. Harley Willard átti svo þrumuskot stuttu seinna en Steinþór Már Auðunsson markvörður Magna átti glæsilega vörslu. Það var svo á 60. mínútu

sem gestirnir minkuðu muninn eftir að Helgi Snær Agnarsson fékk sendingu inn í teiginn þar sem hann tók boltann á lofti og stýrði honum í netið. Gestirnir fengu greinilega orku við það að skora mark og færðu sig mun ofar á völlinn. Víkingur átti þó betri og fleiri færi og átti Indriði Áki Þorláksson gott skot á 75. mínútu og Billy Steadman einnig á 82. mínútu en Steinþór Már varði vel í marki Magnamanna. Lokamínútur leiksins voru mjög spennandi en rétt fyrir leikslok lyfti Kristinn Þór Rósbergsson boltanum yfir Konráð Rangarsson í marki Víkings og staðan orðin 3 - 2. Voru það lokatölur leiksins og situr Víkingur Ó því í níunda sæti deildarinnar með 15 stig eftir 14. leiki. Er Víkingur með fjögurra stiga forskot á næstu lið fyrir neðan sig.


Næsti leikur Víkings er laugardaginn 12. september þegar þeir taka á móti Grindavík og verður sá leikur einnig á Ólafsvíkurvelli.

þa

10. - 30. september

Snæfellsbær býður upp á fjölskylduvænar göngur í september sem efla heilsu og lífsgæði íbúa.

Tökum þátt, reimum á okkur gönguskó og njótum útivistar í góðum félagsskap.



HAUSTGÖNGUR Í SNÆFELLSBÆ

10. september

Gengið um skógræktarsvæðið í Ólafsvík.
Gengið frá íþróttahúsinu í Ólafsvík kl. 18:00.
Leiðsögn: Hilmar Már Arason.

20. september

Gengið milli Arnarstapa og Hellna.
Gengið frá Arnarstapa kl. 14:00.
Leiðsögn í höndum Þjóðgarðsvarða.

24. september

Gengið inn í Fögruhlíð.
Gengið frá Rauðskriðugili kl. 18:00.
Leiðsögn: Árni G. Aðalsteinsson.

30. september

Gengið um Hraunskarð og Krossavík.
Gengið frá Tröð á Hellissandi kl. 18:00.

Nánari upplýsingar um allar göngur má finna á vefsíðu Snæfellsbæjar og viðburðadagatali á Facebook. Allar göngur eru stuttar og taka um 40-60 mínútur að undanskilinni göngunni þann 19. september. Gera má ráð fyrir að hún taki u.þ.b. tvær klukkustundir.

